



Áveitan

11. tbl. 11. árgangur. Nóvember 2017

Umf. Þjótandi: Vetrarstarfið gengur vel

Vetrarstarf Þjótanda fer vel af stað. Örvar Rafn Hlíðdal stýrir íþróttæfingum fyrir 1.-3. bekk á skólatíma, 4.-6. bekk á fimmtudögum og fyrir unglunga á mánudögum. Mæting er mjög góð hjá öllum aldurshópum og mikið líf og fjör. Keppnistímabilið í frjálsum er að fara af stað og mun Þjótandi eiga keppendur á nokkrum mótum nú í nóvember og desember. Í janúar eru svo Héraðsmótin í frjálsum og stefnum við á að senda fjölmenn lið þangað í alla aldursflokka.

Þá eru glímuæfingarnar í Félagslundi hafnar í umsjá Stefáns Geirssonar og Jóns Gunnþórs Þorsteinssonar. Æfingarnar eru á þriðjudagskvöldum frá kl. 20-21 og hefur mætingin verið mjög góð hingað til. Allir eru velkomnir sem hafa áhuga á að ná tókum á glímuíþróttinni.

Umf. Þjótandi

Nýjar körfuboltakörfur í Þingborg

Stjórn Ungmennafélagsins Þjótanda kom saman í lok október og setti upp nýjar körfuboltakörfur í Þingborg sem félagið var að kaupa. Stjórn félagsins vonast til þess að nýju körfurnar muni koma að góðum notum á íþróttæfingum félagsins, í íþróttakennslu Flóaskóla og geri Þingborg jafnframt eftirsóknarverðari til útleigu fyrir ýmsa íþróttahópa.

Stjórnin

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson
icegordon@gmail.com
S. 820-3565

lðunn Ýr Ásgeirsdóttir
idunnyr84@gmail.com
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is
S. 892-4155

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Við búum í landi sem mótað er af náttúruöflum, og staðsett á flekaskilum á jarðkringlunni, þannig að óhjákvæmilega finnum við af og til fyrir náttúruöflunum og engu verður um það breytt. Flóahreppur er að stórum hluta á skilgreindu flóðasvæði og brotalínur jarðaskjálfta liggja þvert yfir sveitarfélagið.

Að lokinni almannavarnavíku í Flóahreppi er gott fyrir viðbragðsaðila og okkur hvert og eitt að hafa í huga hvað við getum gert til þess að vera sem sterkust ef áföll verða í samfélaginu hvort heldur sem þau verða af mannavöldum eða af völdum náttúruhamfara. Á íbúafundi sem var haldinn í Þingborg kom fram að starfsfólk Veðurstofunnar telur að stærri jarðskjálftar gætu komið á Suðurlandi einhverntíman á næstu árum og því ástæða til þess að búa sig undir það. Gæta þess að hillur og skápar séu vel veggfest og að lausir munir séu ekki staðsettir þar sem þeir geta valdið meiðslum ef þeir falla niður. Þess má geta að í undirbúningi eru verkefni með nemendum skóla- og leikskóla sem tengjast náttúruvá og viðeigandi viðbrögðum.

Íbúum er bent á að upplýsingar frá þeim sjálfum um einstök atvik eða aðstæður í almannavarnarástandi geta verið mjög staðbundnar en eru jafnframt mikilvæg gögn í allri vinnu við mat og aðgerðir. Í símanúmerinu 112 sem svarar fyrir lögregluna og almannavarnir á Suðurlandi er tekið á mótí ábendingum varðandi hugsanlegt hættuástand og eru íbúar hvattir til þess að nýta sér það. Almennavarnir á Suðurlandi búa yfir miklu af upplýsingum sem byggja bæði á rannsóknum vísindamanna og reynslu af viðburðum undanfarinna ára. Í upplýsingaröflun vísindamanna eru upplýsingar sem koma frá heimamönnum sem upplifa atburði ekki síst mikilvægar því á þeim byggja þeir að hluta kenningar sínar og á þeim byggjast viðbragðsáætlanir almanna- og veitum.

Þegar stór áföll verða í samfélögum þá þjappa nágrennasveitarfélög sér saman, miðla þekkingu og aðstoða hvort annað eftir því sem mögulegt er. Það sama á við okkur sem einstaklinga, við hugum að næstu nágrennum og veitum

af yfirvegum þá aðstoð sem okkur er mögulegt að veita. Áfallahjálpar stendur starfsmönnum og íbúum til boða og Félagsþjónustan liðsinnir með ráðgjöf þar sem þess þarf.

Mikilvægt er fyrir okkur að halda vel utan um upplýsingar um allt tjón sem hugsanlega verður og sjá til þess með samtali við tryggingarráðgjafa á hverju ári að þannig sé gengið frá samningum við tryggingafélög að

„viðlagatryggingin“ sé virk. Virði eigna sé rétt metið á hverjum tíma, bæði hvað varðar húsnæði og innbú því annars fást ekki fullar bætur frá Viðlagatryggingu Íslands.

Auk lykilstarfsmanna sveitarfélagsins starfa eftirtaldir aðilar, félagasamtök eða stofnanir að almannavörnum í Flóahreppi:

Almannavarnir ríkisins, Veðurstofan, Viðlagatrygging, Skipulags- og byggingarfulltrúi, Félagsþjónustan, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Heilsustofnun Suðurlands, Lögreglan, Brunavarnir, Rauði krossinn, Björgunarsveitir á Suðurlandi, og MAST.

Yfirstjórn almanna- og ríkisins er hjá ríkislögreglustjóra og Samhæfingarstöð Almanna- og ríkisins.

Minnt er á Hvatagreiðslur til íþróttalista- og tómstundaiðkunar.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2017.

Eins og undanfarin ár veitir Flóahreppur hvatagreiðslur til íþróttalista- og tómstundaiðkunar.

Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6 - 18 ára sem eiga lögheimili í Flóahreppi geta sótt um hvatagreiðslur. Sjá nánar á heimasíðu Flóahrepps.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Flóahrepps fyrir 1. maí fyrir hverja vorönn og **fyrir 1. desember fyrir hverja haustönn.**

Styrkir verða greiddir út eigi síðar en 15. júní og 15. janúar ár hvert.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur yfirfarið athugasemdir Skipulagsstofnunnar um **aðalskipulag Flóahrepps 2016 – 2028** og lagfært gögnin samkvæmt ábendingum. Endurskoðuð gögn koma til samþykktar hjá sveitarstjórn á fundi 8. nóvember. Uppfærð gögn hafa verið birt á heimasíðu sveitarfélagsins undir bláa tenglinum „Aðalskipulag“ á forsíðunni.

Eydis Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri Flóahrepps

Almannavarnavika í Flóahreppi

Samantekt verkefnastjóra

Að tillögu lögreglustjórans á Suðurlandi var í samvinnu við sveitarfélagið haldin almannavarnavika í Flóahrepp dagana 23.-27. október 2017. Markmið vikunnar var:

- Að vekja athygli á almannavörnum
- Fara yfir hvaða atriði eru talinn geta valdið röskun á samfélaginu
- Yfirfara og uppfæra viðbragðsáætlun sveitarfélagsins vegna langtímaviðbragð við samfélagslegum áföllum
- Fá viðbragðsaðila til að fara yfir mál sem brenna á þeim og taka þátt í mati á atburðum sem geta valdið röskun í samfélaginu
- Halda íbúafund til að miðla upplýsingum um almannavarir og tengd mál m.a. frá vísindamönnum

Fundir með lykilstarfsmönnum

Á fundum með lykilstarfsmönnum Flóahrepps var farið yfir hvaða atburðir gætu raskað samfélaginu. Bæði var skoðað með stærri atburði, almannavarnaástand, og aðra minni. Efni frá þessari vinnu verður nýtt til að leggja grunn að efnistöfum áhættuskoðunar eða hættumats fyrir Flóahrepp. Á þessum fundum var einnig unnið með drög að viðbragðsáætlun sveitarfélagsins um langtímaviðbrögð við samfélagslegum áföllum.

Fundir með fræðsluaðilum

Farið var yfir möguleika til sérhæfðrar fræðslu um náttúruhamfarir fyrir leik- og grunnskóla. Rætt var um aðkomu t.d. Jarðskjálftamiðstöðvarinnar í Árborg og Lava safnsins í því samhengi. Ákveðið að vinna að frekari útfærslu með Jarðskjálftamiðstöðinni. Skoðað var hvaða möguleikar eru í námskrá grunnskóla með tilliti til fræðslu og vitundarvakningar vegna hamfara. Góð umræða og hugmyndir um þróunarverkefni í samstarfi við önnur svæði.

Íbúafundur

Íbúafundur var haldin í Þingborg fimmtudaginn 26. október og mættu um 60 manns.

Dagskrá fundarins:

- Eydís Þ Indriðadóttir sveitarstjóri Flóahrepps: „Hvað brennur á Flóamönnum er varðar almannavarnir?“

- Kjartan Porkelsson lögreglustjóri: „Lögreglan á Suðurlandi, hverjar eru áherslur lögreglunnar?“
 - Víðir Reynisson verkefnastjóri almannavarna á Suðurlandi: „Hvað eru almannavarnir að gera?“
 - Hulda Ragnheiður Árnadóttir framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar Íslands: „Hvað er váttryggt í náttúruhamförum?“
 - Kristín Jónsdóttir hópstjóri náttúruvörvöktunar Veðurstofu Íslands: „Hvernig virkar vöktunarkerfi Veðurstofunnar?“
 - Umræður
- Á fundinum voru umræður um fyrirhugaða rýmingaráætlun vegna flóða frá Bárðarbungu.
- Miklar umræður sköpuðust um jarðskjálfta og hugsanlega nágrennagæslu í slíkum tilfellum þ.e. að skilgreind verði svæði innan hreppsins þar sem íbúar kanna með stöðuna hver á öðrum.
- Spurt var um eðli jarðskjálfta og hvort hægt sé að spá fyrir þá, slíkt er ekki mögulegt í dag.

Áhættuskoðun

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra gaf út í árslok 2011 Áhættuskoðun almannavarna. Þar er farið skipulega í gegnum lögregluumdæmin eins og þau voru á þeim tíma og hættur metnar og reynt að forgangsraða þeim með tilliti til mótvægisáðgerða sem hægt væri að grípa til. Í almannavarnavíkunni voru þessir þættir skoðaðir með lykilstarfsmönnum og viðbragðsaðilum.

Langtímaviðbrögð við samfélagslegum áföllum

Unnið var að uppfærslu á þeim drögum sem verið hafa í vinnslu síðasta árið. Eftir vikuna liggja fyrir lokadrög að áætlun til útgáfu.

Villingaholtskirkja/Selfosskprestakall - Veikindaleyfi

Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir er komin í veikindaleyfi næstu fjórar vikurnar.

Sr. Jóhanna Magnúsdóttir tekur við afleysingu 30. október og bjóðum við hana velkomna til okkar í Selfossprestakall.

Netfangið hennar er johanna.magnusdottir@kirkjan.is og síminn er 895 6119.

Fréttir frá Hestamannafélaginu Sleipni

Árshátíð Sleipnis var haldin þann 14. október í Hvíta Húsinu á Selfossi sem var einnig uppskeruhátíð fyrir starfsárið 2017. Farið var yfir helstu viðburði ársins sem hefur verið bæði annasamt og skemmtilegt með mótahaldi og fjölmennum félagsreiðtúrum bæði um Flóann og Borgarfjörðinn. Þökkum við aðalstyrktaraðilum Sleipnis sem eru Landsbankinn og Jötunn Vélar á Selfossi fyrir veitta velvild og stuðning við æskulýðsstarf félagsins.

Hestamannafélagið Sleipnir er svo gæfusamt að margir eru tilbúnir að rétta fram vinnuframlag og þá er gaman að sjá hlutina ganga upp og viðburðir eru vel skipulagðir og sjálfbærir gagnvart félaginu.

Enn er aukið við uppbygginguna á svæðinu með uppsetningu á lýsingu á Brávallarsvæðinu sem eykur öryggi á svæðinu í skammdeginu og er Sveitarfélaginu Árborg þökkun veitt velvild til félagsstarfsins.

Félagi ársins er Einar Hermundsson fyrir frábært og virkt félagsstarf á árinu sem og á liðnum árum. Sér í lagi þó fyrir mikið starf að reiðvegamállum og vigslu nýrra reiðleiða og svo mætti áfram telja.

Bikarhafar Sleipnis 2017

- Skeið 100 m Glódís Rún Sigurðardóttir á Blikku frá Þóroddsstöðum með tímann 7.68 sek.
- Skeið 150 m Glódís Rún Sigurðardóttir á Blikku frá Þóroddsstöðum með tímann 14.57 sek.
- Skeið 250 m Ásgeir Símonarson á Bínu frá Vatnsholti með tímann 24.02 sek
- Æskulýðsbikar Sleipni hlaut; Glódís Rún Sigurðardóttir fyrir árangur sinn með Blikku og annan góðan árangur á árinu.
- Ræktunarbikar Sleipnis fær Einar Hermundsson fyrir Álfrúnu frá Egilsstaðakoti. Álfrún hlaut fyrir byggingu 8.39 og hæfileika 8.99 Aðaleinkunn Álfrúnar er því 8.75
- Efsti hestur A-flokks og skjaldarhafi er Draupnir frá Stuðlum eigandi Palli og Edda og Austurás hestar.
- Efsti hestur B-flokks og skjaldarhafi er Frami frá Ketilstöðum eigandi Elin Holst.
- Íþróttaknapi Sleipnis; Elín Holst fyrir frábæran árangur sinn með Frami frá Ketilstöðum.
- Knapi ársins; Bergur Jónsson átti frábært keppnisár á hrossum úr eigin ræktun en þó aðallega á Kötlu frá Ketilstöðum.

Kveðja Stjórn Sleipnis

Matráður óskast til afleysinga í Krakkaborg

Kæru sveitungar! Vegna veikindaleyfis vantar okkur matráð til afleysinga í 5 vikur frá 4. desember nk. Áhugasamir hafi samband við Guðbjörgu Hólm leikskólastjóra sem fyrst í síma 480-0150 eða á guggaholm@floahreppur.is

Frá Hraungerðiskirkju

Messa verður í Hraungerðiskirkju sunnudaginn 26. nóvember kl. 13.30. Prestur sr Guðbjörg Arnardóttir, organisti er Ingi Heiðmar Jónsson og kirkjukórinn leiðir söng.

Aðventusamvera verður í Hraungerðiskirkju sunnudagskvöldið 10. desember kl. 13.30 Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir, organsiti Ingi Heiðmar Jónsson og kirkjukórinn syngur.

Kæru vinir og sveitungar

Hjartans þakkir fyrir góðar gjafir og kveðjur í tilefni 50 ára afmælis míns, þann 30. sept sl.

Ást og friður
Lilja, Urriðafossi

***Þorrablót í Þingborg verður
haldið 3. febrúar 2018***



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Pistillinn

Ég þakka Gunnlaugu skólastjóra og Skagfirðingi fyrir þessa áskorun. Jóhannes Hreiðar Símonarson heiti ég fullu nafni og líkt og Gunnlaug nefnir í sínum pistli erum við sveitungar úr Skagafirðinum. Þar kynntumst við Gunnlaug fyrst þegar hún starfaði sem námsráðgjafi í Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki þegar ég var í mínu stúdentsnámi þar. Eftir útskrift í FNV árið 1993 lá leið mín á Hvanneyri þar sem ég lærði búfræði og búvísindi í nokkur ár enda var framtíðarsýn mín sú að verða bóndi þegar ég yrði stór. Á námsárunum á Hvanneyri kynntist ég henni Helgu minni og þar eignuðumst við frumburð okkar, Sigurð Andra í miðri prófatíð vorið 1998.

Stuttu fyrir útskrift frá Landbúnaðarháskólanum vorið 1999 bauðst mér starf sem ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands sem mér þótti afar spennandi starf að takast á við. Ég sá fyrir mér að það yrði mjög þroskandi að sinna því starfi í 3-4 ár áður en að ég færi aftur norður og tækist á við búskapinn heima. Fyrsta sumarið keyrði ég mig á Selfoss úr Kópavoginum en um haustið fékk Helga líka vinnu hjá Búnaðarsambandi Suðurlands og þá fórum við fyrir alvöru að leita fyrir okkur með húsnæði fyrir austan. Úr varð að við fengum leigt til bráðabirgða í 6 mánuði íbúðarhúsnæði á Stóra-Ármóti sem ætlað var tilraunastjóra staðarins. Sigríður Bjarnadóttir var þá að hætta sem tilraunastjóri og ekki var búið að ráða nýjan tilraunastjóra í hennar stað. Húsið stóð því autt eins og á stóð. Um áramótin var síðan Grétar Hrafn dýralæknir ráðinn tilraunastjóri en það varð okkur til happs að hann hafði ekki áhuga á að nýta sér íbúðarhúsið sem starfinu var ætlað. Við fengum því að leigja húsið áfram.

Örlögin taka stundum af manni völdin – og aldrei fór ég norður til að búa og geri það varla úr þessu. Árin sem ráðunautur urðu tíu og á þeim tíma lagði ég jafnframt stund á rekstrar- og viðskiptafræðinám við HÍ. Á þessum árum fæddust líka dætur okkar hjóna, Ingibjörg Hugrún árið 2002 og Auður Sesselja árið 2006. Árið 2009 söðlaði ég um og fór á móti straumnum og réð mig inn í banka nokkrum mánuðum eftir bankahrun. Þar voru nýjar og geysimiklar áskoranir til að takast á við og oft á tíðum flókin úrlausnarefni. Á Stóra-Ármóti búum við enn. Við leigjum húsið reyndar ekki lengur því árið 2014 fengum við húsið keypt með það að markmiði að búa fjölskyldunni framtíðardvalarstað í Flóanum. Þrátt fyrir að starf mitt og vinnustaður hafi breyst vildum við hjónin halda í að heimili okkar að Stóra-Ármóti yrði miðpunktur fjölskyldunnar. Við kunnum afar vel við okkur í þessu samfélagi í Flóahreppi, hér eigum við góða og trausta nágranna og vini sem hafa frá upphafi reynst okkur vel.

Stóra-Ármót er okkur afar kær staður. Eini gallinn er hvað það er langt í Skagafjörðinn...☺

Ég skora á nágranna minn á hlaðinu, bústjórnann, prófastssoninn og þúsundþjalasmiðinn, Höskuld Gunnarsson að segja okkur eitthvað skemmtilegt um sig og sína í næsta pistli.

Bestu kveðjur,
Jóhannes, Stóra-Ármóti

Kæru vinir og sveitungar!

Við, nýbökud hjón frá Kolsholtshelli, þökkum ykkur innilega fyrir góðar gjafir og hlýjar kveðjur í tilefni 50 ára afmælis hennar Piu og hjónavígslu okkar, þann 11. september síðast liðinn.

Bestu kveðjur, Pia og Binni.

Frá Villingaholtskirkju

Meðhjálpari óskast

Við auglýsum hér með eftir einstaklingi sem langar að vinna við kirkjuna okkar og taka að sér starf meðhjálpara. Samkomur í kirkjunni eru um sex á ári hverju. Nánari upplýsingar um starf meðhjálpara veitir sóknarprestur sr. Guðbjörg Arnardóttir í síma 482 2275/ 865 4444 og formaður sóknarnefndar Sólveig Þórðardóttir s: 482 2553/869 6534.

Umsóknir berist til formanns sóknarnefndar, í pósti á Skúfslæk 2/með email á skufslaekur2@gmail.com eða með símtali .

Þjóðbúningamessa var haldin í Villingaholtskirkju sunnudaginn 8. október s.l. Góð messusókn og gaman hvað margir sáu sér fært að mæta og margir í þjóðbúningum, Predikun sr. Ninnu var einstaklega góð og eftirminnileg og situr hún eftir í minningabankanum hjá þeim er á hlýddu. Organista, kór,og hringjara er þakkað fyrir þeirra góða starf. Að lokinni messu var haldið messukaffi í Þjórsárveri og var það einstaklega notaleg stund. Við þökkum öllum sem voru með okkur þennan dag.

Aðventusamvera 3. desember kl 20.00

Aðventustund verður í Villingaholtskirkju sunnudagskvöldið 3. desember kl. 20.00 Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, organisti Ingi Heiðmar Jónsson og kirkjukórinn syngur.

Sóknarnefndin

Fréttir frá Krakkaborg

Haustið hefur verið okkur gott hér í Krakkaborg.

Þrjár hænur og einn hani eru í vistun hjá okkur þar til það verður of kalt til að vera úti.

Við höfum mikla ánægju af þessum gestum sem færa okkur reglulega björg í bú.

Við sóttum um að verða skóli á grænni grein haustið 2016. Verkefnastjóri sér um, ásamt elstu börnunum, að halda okkur við efnið. Þau verkefni sem við tókum fyrst fyrir eru: rafmagn, matarsóun og flokkun. Elstu börnin taka virkan þá í verkefninu og er umhverfisverndarfundur með þeim mánaðarlega. Nánar er hægt að lesa um verkefnið á <http://graenfaninn.landvernd.is/>

Í lok ágúst fórum við í berjaferð á útivistarsvæðið Einbúa, sem er svæði í umsjá ungmennafélagsins Þjótanda. Þar fundum við slatta af berjum og lékum okkur á þessu skemmtilega svæði.

Við héldum upp á „Dag náttúrunnar“ 15. september s.l. Við ákváðum að vera með álfa-hlaup og hlupu börnin ákveðna vegalengd, allt eftir aldri og þroska. Ýmsar þrautir urðu á vegi þeirra sem þau þurftu að leysa til þess að halda áfram. Þegar komið var í mark tók á móti þeim álfamær með verðlaunapening og álfaorkudrykkur var í boði því þetta tók verulega á. Í hádeginu var „réttarsúpa“ að hætti Rannveigar matræðs en súpan var hituð yfir eldstæðinu og borðuð úti.

Við ákváðum að kalla hlaupið álfahlaup þar sem í menningu okkar, þjóðsögum, eru álfar nátengdir íslenskri náttúru. Litur dagsins var grænn og mættu þau börn og starfsfólk, sem það vildu, í grænum fötum. Þetta var virkilega vel heppnaður dagur og vonum við að hér hafi skapast skemmtileg hefð í leikskólanum okkar.

Félag leikskólakennara skiptist í 9 svæðadeildir. Haustþing 8. deildar, sem er Suðurland og Vestmannaeyjar, var föstudaginn 13. október. Þar voru í boði ýms örnámskeið og fyrirlestrar. Leikskólinn var lokaður svo starfsmenn gætu sótt Haustþingið. Þess má geta að tveir starfsmenn Krakkaborgar voru með erindi á þinginu.

Menningarferð Krummadeildar var í október og tókst með ágætum. Ákveðið var að breyta út frá gömlum vana, en síðustu ár hefur verið farið á bókasafnið á Selfossi, og fara á Veiðisafnið á Stokkseyri. Það var tekið vel á móti krökkunum okkar og þau fengu mjög áhugaverða leiðsögn í gegnum allt safnið. Villtu dýrin vöktu upp margar spurningar og var safnstjórinn alltaf með svör á reiðum höndum. Börnin voru til fyrirmyndar og fengu mikið hrós fyrir hve vel þau hlustuðu og fóru eftir reglum á safninu eins og t.d. að ganga rólega um og snerta ekki dýrin. Ferðin endaði á skemmtilegri fjöruferð. Allir komu sælir og ánægðir til baka.

Tveir starfsmenn Krummadeildar fóru á ART námskeið í október, ART stendur fyrir Agression Replacement Training. Þjálfunin skiptist í: félagsfærniþjálfun, sjálfstjórn og siðferðisþjálfun. Vinna með elstu börnunum á Krummadeild er þegar hafin.

Við erum að fara af stað með könnunarleik fyrir yngstu börnin. Könnunarleikurinn

snýst að mörgu leyti um leik með verðlausan efnivið. Markmið aðferðarinnar er að börnin uppgötvi hlutina og möguleika þeirra með snertingu, lykt, bragði, heyrn og sjón. Í könnunarleiknum eru þessi skilningarvit örvuð sem og gróf- og finhreyfingar. Hverju barni gefst tækifæri á að uppgötva efniviðinn og umhverfi sitt á sínum forsendum. Við erum að safna verðlausum hlutum og langar að biðja ykkur að aðstoða okkur. Það sem okkur vantar er t.d.: Krukkulok (ál), hárrúllur, hálsmen, armbönd, keðjur, lykjar, pappahólkar, tvinnakefli, korktappar, eldhúspappírstandur og fleira í þessum dúr.

Bestu kveðjur
Börn og starfsfólk Krakkaborgar

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Haustfundur

kvenfélagsins verður haldinn í Þjórsárveri mánudaginn 13. nóvember kl. 20.00. Á fundinum mun formaður vera með jólakort og kærleiksenгла til sölu, en það er liður í fjáröflun Sambands Sunnlenskra kvenna og rennur í sjúkrahússjóð. Drög að dagskrá fundar:

- Setning fundar
- Lesin fundargerð síðasta fundar
- Sagt frá eldri borgara ferð
- 100 ára afmælið, viðburðir
- Starfið framundan
- Afmælisferðin
- Fyrirhugaðar lagabreytingar kynntar
- Málefni Þjórsárvers
- Önnur mál

Kaffikonur eru: Hafdís Örvar, Lilja Böðvarsdóttir, Aðalheiður Sveinbjörnsd, Helena Hólm og Petra Mazetti.

Hlökkum til að sjá ykkur og nýjar konur eru boðnar hjartanlega velkomnar til kynningar og/eða inngöngu í félagið.

Stjórnin

Gaman saman

Spjall og þrjónasamvera er fyrirhuguð mánudagskvöldið 27. nóvember kl. 20.00. Staðsetning ekki ákveðin en verður birt á facebooksíðu félagsins og hægt er að nálgast upplýsingar hjá formanni,

ATH Þessar samverur ekki bara fyrir kvenfélagskonur, allar konur velkomnar í spjall og notalegheit.

Íþróttafréttir

Úrslit í frjálsum íþróttum á Landsmóti 50+

Landsmót 50+ fór fram í Hveragerði dagana 23.-25. júní. Umf. Þjótandi átti keppendur í ýmsum greinum á mótinu og þar á meðal í frjálsum íþróttum. Árangur frjálsíþróttafólksins átti alltaf eftir að birtast í Áveitunni en hér með er bætt úr því. Við viljum að endingu hvetja alla til að hefja æfingar fyrir 50+ mótið sem mun fara fram á Sauðarkróki á næsta ári.

Markús Ívarsson	'47	100m hlaup	21,22sek	5. sæti
		Langstökk	2,58m	5. sæti
		Kúluvarp (5kg)	5,16m	7. sæti
Jón M. Ívarsson	'48	Kúluvarp (5kg)	7,03m	5. sæti
		Spjótkast (600gr)	16,05m	4. sæti
Hildur Harðard.	'66	Kúluvarp (3kg)	10,50m	1. sæti
		Spjótkast (500gr)	25,05m	1. sæti
		100m hlaup	18,23sek	2. sæti

Umf. Selfoss hélt æfingamót í sumar og fór það fram 30.-31. ágúst á Selfossvelli. Nokkrir keppendur úr Umf. Þjótanda kepptu á mótinu:

Stefán Narfi Bjarnason	'00	Spjótkast (700gr)	43,16m
		100m hlaup	12,15sek
		110m grindahlaup	19,08sek
		Þristökk	11,57m
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	Þristökk	10,90m
		Kringlukast(1,5kg)	24,85m
		100m hlaup	12,59sek
		110m grindahlaup	21,40sek
Hugi Snær Jónsson	'01	110m grindahlaup	21,26sek
Unnsteinn Reynisson	'01	Þristökk	9,99m
		Kringlukast (1kg)	25,00m
		80m grindahlaup	14,35sek
		Sleggjukast (4kg)	21,13m
Sigurjón Reynisson	'05	Þristökk	9,10m
		Kringlukast (600)	21,65m
		60m grindahlaup	12,24sek
		Sleggjukast (3kg)	13,08m

Árgjald Umf. Þjótanda

Við minnum enn á innheimtu árgjalds Umf. Þjótanda. Félagar sem verða 12 ára á árinu og eldri skulu greiða árgjald og er það **kr.-1000 fyrir árið 2017**. Við viljum hvetja alla til þess að greiða árgjaldið sem fyrst og styðja þar með við starfsemi félagsins. Félagið hefur lagt sig fram um að bjóða t.d. uppá gjaldfrjálsar íþróttæfingar og árgjaldið er mikilvægur þáttur í að hægt sé að halda því áfram. Það ber einnig að nefna að ekki var innheimt árgjald fyrir fyrsta starfsár félagsins.

Reikningsupplýsingar félagsins eru:

0325-26-590116 kt. 590116-2030.

Senda skal kvittun á umfthjotandi@gmail.com og senda nöfn og kennitölur þeirra sem greitt er fyrir .

Með von um góð viðbrögð

Stjórn Umf. Þjótanda

Kvenfélag Villingaholtshrepps 100 ára

Afmælisár Kvenfélags Villingaholtshrepps

27. okt 1917 var stofnfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps og af því tilefni fórum við 16 konur úr félaginu ásamt 1 utanfélagskonu til Aberdeen í Skotlandi um síðustu helgi og áttum þar góða fjóra daga. Þar sem þessi pistill er næstur afmælisdeginum langar mig að draga saman sitt lítið af starfi kvenfélagsins á þessu tímabili og tek fyrir afmælisárin á hverjum hálfum tug fyrstu áttatíu árin.

1922 á fimm ára afmæli félagsins var Ingibjörg Sigmundsdóttir á Vatnsenda formaður og 36 konur borguðu árstíllag. Það ár var spunavélin keypt og fjórar skemmtanir á vegum félagsins haldnar.

Á tíu ára afmæli félagsins 1927 var Ingibjörg Sigmundsdóttir enn formaður og þá voru félagar um 40. Helsta umræðuefni á fundum er fyrirkomulag spunans. Það ár fór kona frá félaginu á fund við Ölfusá sem var undirbúningur að stofnum SSK. Ekki er talað neitt um að konur minntust afmælisins en á fundi 1. júní var lesið upp erindi sem hét „Sálarlíf kvenna“ og á árinu voru haldnar tvær samkomur.

1932 þegar félagið er 15 ára var Guðbjörgu Vigfúsdóttur formaður og þá eru 37 konur í félaginu. Helstu umræðuefni á fundum er húsmæðraskólamála og

spunafyrirkomulagið. Þá er aðeins rætt um sildarnámskeið en engin áhugi fyrir því. Ekki kemur fram hvernig námskeið þetta átti að vera. Farið var í skemmtiferð að Laugarvatni og haldin ein barnaskemmtun í annari viku sumars.

Þegar félagið var 20 ára 1937 tók Þuríður Árnadóttir við formennsku af Guðbjörgu Vigfúsdóttur og 37 konur í félaginu. 11. maí var talað um að halda námskeið í að sníða föt og það yrði haldið í Forsæti en ekki víst að það hafi verið haldið því á fundi um haustið er talið að ekki verði hægt að halda námskeið vegna plássleysis. 18. júlí mættu 16 konur á fund með hreppsnefnd vegna ágreinings um ráðningu ljósmóður í sveitina sem að lokum var vísað til héraðslæknis og sýslumanns. Þá styrkti félagið lestrafélagið um 15 kr. fyrir einhverja nýtilega bók. Á afmælisdegi kvenfélagsins, 27. okt, var fundur sem endaði í kaffidrykkju og voru tvær konur gerðar að heiðursfélögum.

1942 þegar félagið er 25 ára er Þuríður Árnadóttir formaður og eru þá enn 37 konur í félaginu. Haldið var saumanámskeið í Hróarsholti í apríl og borgaði félagið fæði fyrir kennara. Að loknu námskeiði eða 10. maí var haldin sýning og skemmtun. Þá lagði félagið til peninga í kvennaskólabygginguna að Laugarvatni og hétu á konur að leggja til sem næmi einum kartöflupoka ef ekki yrði skemmd í gördum um haustið. Sennilega var uppskeran ekki sem skildi því málinu var síðan frestað á fundi um haustið.

1947 þegar félagið var 30 ára voru félagar 41 og formaður Þuríður Árnadóttir. Haldið var matarnámskeið að Villingaholti 17.-26. febrúar og tóku 10 konur og stúlkur þátt í námskeiðinu og kennari var Guðrún Jónsdóttir. Námskeiðið endaði á sameiginlegu borðhaldi, fluttar voru ræður og sungin ættjarðarkvæði. Rætt var um almennings þvottahús og sótt var um styrk frá félaginu til að taka þátt í byggingu Hallveigarstaða en konurildu frekar leggja eitthvað í byggingu félagsheimilis í hreppnum sem þá var farið að ræða.

Þegar félagið var 35 ára 1952 var skólahúsið komið í notkun og fundir félagsins haldnir þar. 39 konur voru í félaginu og formaður var Þuríður Árnadóttir. Kvenfélagskonum úr Kvenfélagi Hraungerðishrepps var boðið í sameiginlegt borðhald, kaffidrykkju og skemmtiatriði. Konur lögðu sjálfar allt til í samkomuna svo og öll áhöld. Á haustfundinum var talað um að hafa kaffidrykkju og ball í tilefni af 35 ára afmælinu um miðjan október.

1957 þegar félagið er 40 ára var ekkert gert í tilefni afmælisins en þá er Oddný Kristjánsdóttir formaður og félagar 38+8 burtfluttar. Á þessum tíma var verið að safna peningum fyrir Sjúkrahús Suðurlands og seldi kvenfélagið 500 happadrættismiða sem SSK stóð fyrir til styrktar sjúkrahúsínu og lagði félagið sjálft til 3000 kr. Á fundi 2. júní sendi félagið áskorun til raforkumálastjóra um að fá rafmagn í alla sveitina í einu en skilja ekki helming heimila eftir um óákveðinn tíma.

1962 eru konur í félaginu 31 og 10 burtfluttar. Oddný Kristjánsdóttir var formaður og einn fundur haldin á árinu. Störf félagsins voru aðallega veitingasala í Þjórsárveru.

1967 er félagið 50 ára. 29. október var hjónum úr sveitinni og burtfluttum félagskonum boðið til kaffidrykkju, og börnum daginn eftir. Félagið keypti gluggatjöld fyrir Sjúkrahús Suðurlands í tilefni af afmælinu. Haldið var tauprykkinámskeið og tóku 12-14 konur þátt í því. 27 konur voru í félaginu og Oddný

Kristjánsdóttir formaður.

1972 voru konur 34 og formaður Unnur Þórarinsdóttir. Á því ári keypti félagið ýmis áhöld í eldhúsið í Þjórsárveri og keypt voru húsgögn í setustofu að frumkvæði félagsins. Farið var í skemmtiferð um Þingvöll, Gullfoss og Geysi. Þá tók félagið þátt í barnaorlofi sem kvenfélögin á sambandssvæði SSK stóðu fyrir ásamt Jóni Pálssyni og Barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar. Farið var með borgarbörn í hópferð upp í sveit og þeim skipað niður á bæi til dvalar í 2-3 daga. Nokkrar konur sóttu matreiðslunámskeið á vegum SSK þeim að kostnaðarlausu.

1977 er félagið 60 ára og 27 konur í félaginu auk 7 heiðursfélaga og 7 burtfluttra félagskvenna. Á aðalfundi tók Halla Aðalsteinsdóttir við formennsku. 13 konur sóttu leðurvinnunámskeið, kennari var Kristín Stefánsdóttir og saumanámskeið sóttu 7 konur í apríl. Skemmtiferðin var farin í Borgarfjörðinn. Haldið var afmælishóf 23. október og þangað boðið öllum formönnum nágrannakvenfélaganna og burtfluttum félagskonum. Meira var sagt frá samkomunni í Áveitunni í september.

1982 er félagið 65 ára. Formaður Halla Aðalsteinsdóttir og félagar 29 og 5 heiðurfélagar. Kvenfélagið gaf Villingaholtskirkju altarisklæði og altarisduk unnið af konum úr sveitinni, í tilefni 70 ára afmælis kirkjunnar. Einnig sáu félagskonur um og gáfu kaffiveitingar eftir messu 28. mars en allar konur í sókninni lögðu til bakkelsi. Starfskraftar félagsins fóru að mestu í að safna fyrir eldhúsinnréttingu í Þjórsárver en viðbygging við húsið stóð yfir. Félagskonur héldu torgsölu bæði í Reykjavík og Selfossi. Saumaðar voru svuntur og faldaðir dúkar fyrir Þjórsárver. Farið var í Óperuna og skemmtiferð um Borgarfjörð. Haldin voru tvö námskeið í postulínmálun, kennari Elínborg Kjartansdóttir, þátttakendur 6. Einnig haldið námskeið í flosi, kennari Þórunn Frans og voru þátttakendur 12.

1987 voru félagskonur 28 auk 4 heiðursfélaga og formaður Kristín Stefánsdóttir. SSK þingið var haldið í Þjórsárveri og sáu félagskonur um veitingar og skemmtiatriði á laugardagskvöldi. Saumuð voru ný tjöld fyrir sviðið í Þjórsárveri úr efni sem Umf. Vaka keypti. Við buðum heim Kvenfélaginu Freyju í Austur-Landeyjum með veitingum, skemmtiatriðum og diskóteki. Hátíðarfundur var haldinn 25. okt. Á fundinum voru formenn nágrannafélaganna og formaður SSK. Þar sem rifjaðar voru upp gamlir og nýir tímar í máli og myndum og að sjálfsgöðu veitingar á eftir.

1992 voru 24 félagskonur og 4 heiðursfélagar og Eydis Eiríksdóttir formaður. Við settum upp spunaleikritið Heiti potturinn á þriggja félag kvöldvökunni okkar. Fórum í ferðalag austur í Vik. Þáðum boð frá Kvenfélaginu Bergþóru í Ölfusi. Við fórum í tvær leikhúsferðir og sáum“ Þrúgur reiðinnar“ í maí og „Hafið“ í nóv.

1997 er félagið 80 ára. Félagskonur 23 og 3 heiðursfélagar. Eydis Eiríksdóttir formaður. Tvö námskeið voru á árinu. Kristín Stefánsdóttir kenndi bútasam í mars og Þórunn Jónasdóttir kenndi okkur að gera jólaskraut. Við létum prenta félagsfána sem hannaður var af Höllu Aðalsteinsdóttur. Við fórum í tveggja daga ferð í Tungu í Svínadal í Borgarfirði og í desember var farið í menningarferð til Reykjavíkur. Hátíðarfundur var í Þjórsárveri 8. nóv.

Elín Bj.Sveinsdóttir.

Dósaöfnun-Fjáröflun 10. bekkjar

Nemendur í 10. bekk Flóaskóla verða á ferðinni í byrjun nóvember að safna dósum til fjáröflunar fyrir skólaferðalag í vor. Ef svo óheppilega vill til að þið eruð ekki heima þegar við bönkum upp á megið þið hafa samband Sigga í Hamarskoti í síma: 862 0047 ef þið eigið eitthvað af dósum í geymslunni.

Bestu kveðjur, nemendur í 10. bekk Flóaskóla.

Bændafundur á vegum búnaðarfélaganna í Flóahreppi

verður haldinn fimmtudaginn 9. nóvember kl. 20:30 í Hótel Vatnsholti. Elísabet Axelsdóttir frá Efnagreiningu ehf. á Hvanneyri kemur og fjallar um heysýnagreiningar. Einnig verður fóðurfræðingur frá Fóðurblöndunni með stutt erindi. Á eftir verður spjall og vöfflukaffi í boði Fóðurblöndunnar.



Búnaðarfélögin

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	7. nóvember
Bændafundur búnaðarfélaganna	9. nóvember
Hautfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	13. nóvember
Glímuæfing	14. nóvember
Glímuæfing	21. nóvember
Messa í Hraungerðiskirkju	26. nóvember
Gaman saman Kvenfélag Vill.	27. nóvember
Glímuæfing	28. nóvember
Aðventusamvera í Villingaholtskirkju	3. desember

